

Fimmta lota: Vináttu; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur

Viðfangsefni þessarar lotu er umhyggja, rósemd, að skapa aðstæður fyrir börnin og það að sýna hvort öðru umhyggju og nálægð eru. Með því að taka þátt í slíkum verkefnum gefum við börnunum tækifæri til að líta á sjálf sig sem kærleiksríka og umhyggjusama einstaklinga.

Í fimmtu lotu æfum við meðal annars eftirfarandi þætti. Þið getið einnig beint athygli að þessu heimavið.

1. Vináttu og umhyggju

Við veltum fyrir okkur þessum hugtökum; hvað er að vera góður vinur?

Við förum í leynivinaleiki sem geta falið í sér að gefa leynivininum litla glaðninga. Þetta má framkvæma á marga vegu en áherslan er ævinlega á vináttuna, og þann vinarhug sem við sýnum með því að gleðja aðra.

→ Heima getið þið einnig rætt um vináttuna. Þið getið til dæmis stuðst við eftirfarandi spurningar: Er sá sem sýnir þér umhyggju endilega vinur þinn? Geta vinir þínir ákveðið að leika við aðra og beðið þig um að leika seinna. Er besti vinurinn sá sem á flest leikföng eða sá sem kemur best fram við þig?

2. Umhyggja

Við æfum okkur í að sýna öðrum umhyggju. Á fjölskyldumorgnum þegar foreldrar, systkini og aðrir ættingjar boðnir velkomnir í skólann er gott tækifæri fyrir börnin að sýna umhyggju fyrir fjölskyldu sinni. Við æfum okkur í að aðstoða aðra með raunveruleikatengdum verkefnum.

→ Heima getið þið til dæmis boðið börnunum að setja plástur á sár fullorðinna. Börnin geta líka lagt lið við heimilisstörfin. Þá geta börn og foreldrar sameinast um að taka þátt í einhverju góðgerðarstarfi.

3. Kærleikur og nálægð

Við æfum okkur í að knúsa og sýna nánd.

→ Heimavið getið þið æft umhyggju með því að knúsa og sýna nánd.

4. Þakklæti

Við æfum þakklæti til að rækta með okkur kærleikann gagnvart því sem vel er gert. Þetta gerum við til dæmis með því að rifja upp hvað gekk vel í gær, í síðustu viku og svo framvegis. Við æfum okkur einnig í að sýna til dæmis kokkinum sem leggur sig allan fram við að elda frábæran mat handa okkur þakklæti

→ Heima getið þið bent á alla litlu hlutina sem mömmur, pabbar, systkini, frænkur, frændur, ömmur og afar gera fyrir barnið.

Fimmta lota – Hrós og hvatning


Að nota viðeigandi hrós sem leggur áherslu á það sem verið er að efla með barninu þá stundina er skilvirkasta leiðin í átt að árangri. Hér eru hugmyndir til að hvetja börn á meðan á fimmtu lotu stendur.

Félagsskapur – “Ykkur gengur vel að leika saman”

Umhyggja - “Hvernig líður þér?”

Nálægð – “Þið eruð góð saman”

Kærleikur – “Vinaleg snerting, bros eða blikk”



Funded by the European Commission [Daphne III program](#).

European Commission is not responsible for the implementation and the content of the project

5. PERIOD - SKILLS

Ponder together with your child what skills s/he needs to practice during the 5th period in terms of company, concern or closeness.

Decide together in what way you will celebrate a well-practiced skill!

You can seal the contract with signatures, so it will become important to both of you.



Skill:

Prize at the end:



Signatures: